

Fagott

Fagottið er stórt hljóðfæri og þurfa nemendur að hafa náð vissum líkamlegum þroska til að ráða við það. Þetta á sérstaklega við um hendur sem þurfa að hafa náð lágmarksstærð. Til að hefja nám á fagott þarf nemandi yfirleitt að hafa náð 12–13 ára aldri. Mörg dæmi eru þó um að nemendur byrji eldri en þetta að læra á fagott með góðum árangri en þá er mjög æskilegt að nemandinn hafi lært á annað hljóðfæri áður. Hið sama gildir um þá sem yngri eru.



Mælt er með að nemendur, sem hyggjast leika á fagott, læri á annað hljóðfæri áður til þess meðal annars að þjálfast í nótnalestri. Fjórtán til fimmtán ára nemandi, sem lokið hefur t.d. grunnprófi eða miðprófi á annað hljóðfæri og skiptir yfir á fagott, er mjög fljótur að verða liðtækur í alls konar samspili. Ekki er hægt að mæla með neinu sérstöku byrjunarhljóðfæri. Klarínetta og þverflauta eru algengust þótt mörg dæmi séu um að píanó- eða strengjanemendur skipti yfir á fagott með góðum árangri.

Þar sem fagottið er dýrt hljóðfæri er algengast að tónlistarskólar eigi hljóðfæri fyrir þá sem eru að hefja fagottnám. Fagott eru ýmist gerð úr tré eða plasti, plasthljóðfærin eru ódýrari og því heppileg sem skólahljóðfæri. Öll fagott eru af sömu stærð en til eru fagott sem hönnuð eru fyrir smáar hendur og því góð fyrir yngstu nemendurna. Kontrafagott er mun stærra en fagottið, æskilegt er að nemendur kynnist því á síðari stigum námsins. Fagottið er einkum notað í sinfóníuhljómsveitum, lúðrasveitum og alls konar kammertónlist. (*Aðalnámskrá tónlistarskóla*)

- - -

* Ath. Ekki er kennt á fagott í Tónlistarskóla Árnesinga, en ef nemendur óska eftir að læra á hljóðfærið er brugðist við því. Nemendur þyrftu að sækja tíma til Reykjavíkur.

Nemendur á blásturs- og strokhljóðfæri, slagverk, gítar og söng hefja þátttöku í **hljómsveitum eða samspili** strax og geta leyfir (á 1. - 3. ári).